

VERKEFNI

FÓLK Á FLÓTTA

Í verkefninu setja nemendur sig í spor fólks á flótta og velta fyrir sér muninum á nauðsynjum og munaði.

MARKMIÐ

1. Að nemendur finni til samkenndar með flóttafólki og því sem það þarf að þola.
2. Að nemendur öðlist skilning á og geti greint muninn á nauðsynjum og munaði.
3. Að nemendur fái þjálfun í samstarfi við aðra.
4. Að nemendur læri að skynja mun á ólíkum aðstæðum einstaklinga, jafnrétti, forréttindum og mismunun (Aðalnámskrá grunnskóla 2011).

LENGD

50-60 MÍNÚTUR

ALDUR

13-16 ára

UNDIRBÚNINGUR

- Plaköt og tússpennar

PETTA VERKEFNI ER Í EINU SKREFI:

1. Flóttinn (50-60 mínútur)

SKREF 1: Flóttinn (50-60 mínútur)

Hópavinna (30 mínútur)

- Nemendum er skipt í fimm til sex manna hópa og fær hver hópur úthlutað hlutverki. Útskýrt er fyrir nemendum að hóparnir þurfi að setja sig í spor einstaklinga eða fjölskyldu með því að hugsa og taka ákvarðanir í takt við hlutverkin.
- Hver hópur fær úthlutað plakati og tússpenna og merkir plakatið sínu hlutverki.
- Næst er eftirfarandi atburðarás lesin upp (5 mínútur):

„Þú/fjölskyldan bíðin neyðist til að yfirgefa heimalandið þegar í stað. Það er enginn tími til að kveðja vini eða fjölskyldu. Heyrst hefur að lögreglan sé á leiðinni til að handtaka þig/fjölyskyldu bína. Hvert þú ferð/fjölskyldan fer og hversu lengi það mun taka að komast þangað er algjörlega óljóst. Þú/fjölskyldan hefur fimm mínútur til að pakka 30 hlutum til að taka með. Hvað tekur þú/bíðin fjölskylda með?“

- Eftir að fimm mínútur eru liðnar eru hóparnir beðnir um athygli á ný og eftirfarandi atburðarás er lesin upp (15 mínútur):

„Þér/fjölskyldu þinni hefur tekist að flýja undan stjórnvöldum. Þú ert/fjölskyldan er kominn/nn/ð að landamærum þar sem smyglarar hafa fallist á að flytja þig/ykkur yfir landamærin til nágrannalands. En plássíð er lítið og þú þarf/þið þurfið að skilja tíu hluti eftir. Þið hafið sjö mínútur til að ákveða hvað fer með og hvað er skilið eftir.“

- Eftir sjö mínútur eru hóparnir beðnir um að deila með öllum hvaða hluti þeir hafa ákveðið að skilja eftir við landamærin og hvers vegna.
- Næst er eftirfarandi atburðarás lesin upp (10 mínútur):

„Þú hefur/bið hafið komist yfir landamærin til nágrannalands en smyglararnir geta ekki ferðast lengra með ykkur. Þú þarf/fjölskyldan þarf að ganga 200 kílómetra í gegnum varasamt landsvæði til að komast til næsta porps. Þú munt/bið munið aðeins lifa ferðalagið af ef bið fylgið eftirfarandi reglum:

- *Fullorðnir og unglingar (>13) geta aðeins borið þrijá hluti*
- *Börn á aldrinum 5 til 13 ár geta aðeins borið tvo hluti*
- *Börn undir fimm ára aldri geta ekkert borið*
- *Afar og ömmur yfir 55 ára aldri geta borið einn hlut*

Þú hefur/bið hafið tú mínuður til að ákveða hversu marga hluti þú/fjölskyldan getur borið og hvaða hlutir verða skildir eftir.“

Allir (10 mínuður)

- Að tú mínuðum liðnum eru hóparnir beðnir að deila með öllum hversu marga hluti þeir gátu borið og hvað ákveðið var að skilja eftir. Hóparnir eru einnig beðnir að meta það hvernig þeirra fjölskylda er samsett og hvernig getan til að bera hluti hefur þar af leiðandi áhrif á líkurnar til að lifa af það ferðalag sem framundan er.

Hugmyndin er að auka skilning þeirra á mismunani aðstæðum fólks. T.d. getur einstæð móðir með barn aðeins borið fjóra hluti.

Hópavinna (8 mínuður)

- Hóparnir vinna nú hver fyrir sig á ný og eftirfarandi atburðarás er lesin upp (4 mínuður):

„Þú/fjölskyldan hefur komist alla leið til næsta porps. Þar er bátur sem getur flutt þig/ykkur til öruggs lands. En það eru margir sem vilja komast að og þú/fjölskyldan getur aðeins tekið fimm hluti með í sjóferðina. Ef þú ert þegar með fimm eða færri hluti þá geturðu aðeins tekið þá með, ekkert meira. Báturinn heldur úr höfn eftir tvær mínuður. Hvað tekur þú/fjölskyldan með?“

- Að tveimur mínuðum liðnum fara hóparnir yfir með öllum beknum hvaða hluti þeir tóku með sér í bátinn (4 mínuður).

Ígrundun (10-20 mínuður)

- Í lok verkefnisins er tilvalið að ræða með öllum hópnum eftirfarandi spurningar:
 - Hvernig leið ykkur á meðan æfingunni stóð?
 - Hvernig tók hópurinn ákváranir? Var það erfitt?
 - Lítið nú aftur á upprunalega listann með hlutunum 30. Getið bið greint á milli hvaða hlutir þar eru nauðsynlegir og hverjir eru munaður?
- Hér er hægt að deila með nemendum töflu með þeim hlutum sem nauðsynlegt er að hafa með sér.
- Kennari þarf að gæta þess að leiðréttta þær rangfærslur sem upp geta komið í umræðum. Einnig er gott að gefa leiknum líf með að vísa í raunveruleg dæmi um fólk á flóttu.

FÓLK Á FLÓTTA

SKREF 1

Deilið hlutverkunum hér að neðan til hópanna, eitt hlutverk/fjölskylda fyrir hvern hóp. Hægt er að útbúa fleiri hlutverk ef þarf.

1. Fjögurra manna fjölskylda – Báðir foreldrar og tvö börn (4 og 9 ára)
2. Einhleypur maður
3. Sex manna fjölskylda – Báðir foreldrar, tvö börn (8 og 11 ára), afi og amma (67 ára)
4. Einstæð móðir með átta mánaða gamalt barn
5. Þrjár einhleypar konur (25-40 ára) sem ferðast saman
6. Systkini, 23 ára karlmaður og 16 ára unglingsstúlka
7. Fimm manna fjölskylda – Báðir foreldrar og tvö börn (eins árs og 4 ára), afi (59 ára)
8. Par, 25 ára karlmaður og 23 ára kona
9. Fimm manna fjölskylda – móðir og amma (65 ára) ásamt þremur börnum (2 ára, 4 ára, 13 ára)
10. Tólf ára gamall fylgdarlaus drengur

SKREF 1 – ÍGRUNDUN

Í töflunni hér að neðan má sjá hluti sem ættu að vera á lista nemenda. Gott er að deila töflunni með nemendum eftir að verkefninu lýkur til að hjálpa þeim að skilja hversu slæmt ástandið getur verið hjá flóttafólki.

Peningar	Vegabréf	Skilríki	Föt til skiptanna
Skór	Lyf	Tannbursti	Sími
Hleðslutæki	Bakpoki	Bækur	Dömubindi
Prófskírteini	Debetkort	Bankareikningur	Vasaljós
Skyndihjálparpakki	Matur	Bleyjur	Vatn
Teppi	Tjald	Gull	Jakki
Svefnpoki	Skartgripir	Fjölskyldumyndir	Erfðagripir
Poki til að verja skjöl og skilríki	Pappír og skriffæri	Barnamatur og mjólkurduft	Sápa